



2025-2026

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Furugrund

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Furugrundar uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://reykjavik.is)



Leikskóli: Furugrund

Dagsetning yfirferðar: 10.11.2025

Starfsáætlun	Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Greinagóð umfjöllun um áherslur í starfi og þær áskoranir sem leikskólinn stóð frammi fyrir á síðasta skólaári ásamt helstu áherslum því næsta.
Skólastarfið/Leiðarljós		Einkunnarorð leikskólans eru <i>virðing, hlýja, öryggi og traust</i> . Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Jákvæðs aga ásamt því að innleiða Lausnarhringinn. Furugrund er réttindaskóli UNICEF og þar að leiðandi er unnið út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og lykilhugtökum hans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Innra mati leikskólans er gerð mjög góð skil, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og ábyrgð að það sé framkvæmt. Reglulegt símat og unnið að tyllidagahandbók til að auðvelda mat eftir viðburði og uppbrotsdaga. Ekki náðist að meta námsþáttinn sjálfbærni og vísindi þetta skólaárið. Stefnt er að því að meta námsþáttinn læsi og samskipti í lok skólaársins, vorið 2026. Ánægjulegt er að mikil áhersla er á að raddir barna fái að njóta sín og að þeirra skoðanir skipti máli.
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Skólapúlsinn framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal starfsfólks og foreldra. Fram kemur að Furugrund er fyrir ofan meðaltal á landsvísu í mörgum liðum. Svarhlutfall starfsmanna var 70% sem telst gott og svarhlutfall foreldra var tæp 90% sem telst mjög gott. Helstu niðurstöður eru á þá leið að foreldrar lýsa Furugrund sem faglegum og hlýjum leikskóla með traustu starfsfólki. Börnin upplifa öryggi og líður vel í leikskólanum. Áberandi sterk frammistaða er til dæmis varðandi stjórnun en 100% svarenda telja leikskólanum vel stjórnað og vinnubrögð starfsfólks til fyrirmyndar og er marktækur munur á samanburði við landsmeðaltal.
Umbótaáætlun leikskólans		Umbótaáætlun er vel fram sett, ítarleg og fylgir með starfsáætlun.
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs Furugrund er réttindaskóli UNICEF og allt starf í leikskólanum unnið að því sjónarmiði ásamt því að tengja við Sólblómaleikskóla. Leikskólastarfið einkennist af vinnu með Jákvæðan aga, Lausnarhringinn og sjálfsprottinn leik barnanna,



		Yap leikfimi, Lubba og hljóðkerfisvitund og Gefðu 5. Leikskólastarfið byggist á samskiptum og einkunnarorðunum, virðing, hlýja, öryggi og traust. Verkefnið „Okkar skóli“ er unnið með börnunum þar sem hlustað er á raddir þeirra og þau hafa áhrif. Ofangreind verkefni tengjast einnig vel Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og unnið er að þeim samhliða í leikskólanum. • Áætlun um gerð læsisstefnu og málstefnu þar sem vinnuhópur hefur verið skipaður og markmiðið að ljúka gerð málstefnu fyrir skólann og innleiða hana á vorönn og á næsta skólaári að fullu. Einnig er markmið að ná betri samfellu í öllu starfinu sem snýr að læsi, þróun hljóðkerfisvitundar og uppbyggingu orðaforða hjá börnunum. • Vinna að nýrri skólanámskrá hafin, mjög góð virkni og þátttaka allra starfsmanna og næstu skref eru að stjórnendur taki textann saman með nýjar áherslur aðalnámskrár að leiðarljósi og að þeirri vinnu ljúki sumarið 2026. • Hæfniráttir í íslensku eru notaðir til að fylgjast með framvindu íslensku hjá börnunum með annað tungumál en íslensku ásamt Gefðu fimm og gætt að því að allir starfsmenn séu virkir í þeirri vinnu. • Allt starfsfólk skólans meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum og mikil vinna lögð í að innleiða frummat fyrir þau mál sem fóru í samþætta þjónustu. • Lausnateymið hefur hist eftir þörfum en með tilkomu lausnateymis er meiri áhersla á að nýta mannauð leikskólans áður en leitað er utanaðkomandi ráðgjafar.
Þróunar- og nýbreytnistarf		Ítarleg umfjöllun um þá stöðug þróunarvinnu sem á sér stað í Furugrund þar sem mikill metnaður og gæði einkenna starfið. Unnið verður meðal annars að því að barnafundir munu fá aukið rými, þróun á fastri viðveru sálfræðings frá menntasviði, foreldrasamtöl og skráningar í ferilmöppu barna endurskoðuð. Erasmus+ hefur verið öflugt leiðarstef í starfi skólans í mörg ár og hefur leikskólinn tekið þátt í Evrópusamstarfi sem skilað hefur mikilvægri skólaþróun. Síðastliðið ár var starfsfólk leikskólans þátttakandi í tveimur Evrópu verkefnum. Einu sem sneri að mikilvægi vatns í öllu lífi og bar heitið, „Life in a drop of water“ og öðru samstarfsverkefni kennt við Taith sem er við skóla frá Wales og snýr að vinnubrögðum, aðalnámsskrá, skráningum og stjórnsýslu. Báðum verkefnum er nú lokið



		og var tekin sameiginleg ákvörðun um að taka að lágmarki árs hlé frá Evrópusamstarfi.
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann og er tilgreint hvernig foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu.
Starfsfólk		Ítarlegar upplýsingar um samsetningu starfsfólks og stöðuna næsta skólaár. Stjórnendur afar stoltir af metnaðarfullu starfi, faglegu og kappsömu starfsfólki. Stjórnendum finnst alveg skýrt að grunnstöðugildi eru of fá og sama má segja um stöðugildi sérkennslustjóra. Staða sérkennslustjóra er afar viðamikil og nú síðast bættist við staða tengiliðar farsældar án aukins fjármagns.
Símenntunaráætlun		Greinagóð símenntunaráætlun er til staðar.
Skipulagsdagar		Vel er skilgreint hver verða viðfangsefni hvers skipulagsdag fyrir sig.
Aðrar upplýsingar		Fram koma upplýsingar um hve mörg börn verða í skólanum næsta leikskólaár ásamt aldursskipting þeirra. Einnig er tilgreint hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn verða í skólanum, 18 fjöltyngd af 97 börnum, 19%, ásamt meðaldvalartími barna og áætluðum stöðugilda vegna sérkennslu. Að mati stjórnenda mætti minnka barnafjölda miðað við stærð húsnæðis.
Húsnæði og lóð		Yfirlit yfir það viðhald sem fram fór á liðnu skólaári ásamt ósk um viðhald á komandi ári.
Öryggismál		Starfandi er öryggisnefnd og áfallaráð.
Lokaorð		Í lokaorðum eru tilgreindar þær áherslur og umbætur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári. Skýrar áherslur og sameiginlegt átak í að gera góðan leikskóla enn betri með virðingu, hlýju, öryggi og trausti að leiðarljósi.
Fylgigögn		Öll fylgigögn eru til staðar.
Umsögn foreldraráðs		Foreldraráð lýsir metnaðarfullu starfi og fagnar frábæru samstarfi við leikskólann. Auk þess leggur það fram tillögu að systkinaforgangur verði aftur tekinn upp hjá bænum og það sé í takt við að Kópavogur sé barnvænt samfélag, að börn komist inn í sama leikskóla og systkini sín.